



# Stjórnarháttayfirlýsing Fossa fjárfestingarbanka hf.

Fyrir árið 2023



**Fossar leggja ríka áherslu á stöðuga þróun góðra stjórnarháttanna, enda leggja þeir grunninn að traustum og vönduðum samskiptum hluthafa, stjórnar, starfsmanna, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila. Þá stuðla góðir stjórnarhættir Fossa að ábyrgri ákvarðanatöku og árangri í rekstri, með traust og fagmennsku að leiðarljósi.**

## **Inngangur**

Stjórn Fossa fjárfestingarbanka hf. („Fossar“, „bankinn“ eða „félagið“) birtir hér árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrir árið 2023. Tilgangur stjórnarháttayfirlýsingarinnar er að skýra valdsvið, hlutverk og ábyrgð stjórnareininga bankans og hvernig ákvörðunartaka fer fram, í samræmi við gildandi lög og reglur. Hluthafafundur Fossa kýs stjórn bankans, sem ræður forstjóra og hefur eftirlit með að skipulag og starfsemi bankans sé í réttu og góðu horfi. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins.

Í október 2023 var gengið frá kaupum Vátrygginga-félags Íslands („VÍS“) á öllu hlutafé í Fossum. Fossar urðu því á árinu 2023 dótturfélag VÍS, en VÍS er skráð á skipulegan markað. Sameiningin var gerð til sóknar, þar sem sameinað félag er öflugt fyrirtæki á fjármálamarkaði með víðtækar starfsheimildir til fjármálaþjónustu.

## **Lagarammi um starfsemina**

Starfsemi Fossa er starfsleyfisskyld og lýtur félagið eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („FME SÍ“), á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998. Fossar eru fjárfestingarbanki með starfsleyfi sem lánafyrirtæki á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Félagið þjónustar innlenda og erlenda fjárfesta á sviði markaðsviðskipta, fyrirtækjaráðgjafar, eignastýringar og útlánastarfsemi. Þau lög sem að auki gilda um starfsemi félagsins eru m.a. lög um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021, lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, lög um hlutafélög nr. 2/1995, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónu-upplýsinga. Nálgastr má helstu lög og reglur sem gilda um starfsemi Fossa á vefsíðu FME SÍ, [www.fme.is](http://www.fme.is).

## **Viðskiptastefna og gildi**

Fossar er framsækinn banki sem leggur áherslu á fagmennsku, árangur og traust. Stjórnarhættir Fossa grundvallast meðal annars á samþykktum bankans sem eru samþykktar af hluthafafundi auk stefna og reglna sem stjórn bankans samþykkir. Þar má nefna starfsreglur stjórnar og undirnefnda hennar, stefnur um stýringu áhættu og aðrar reglur, stefnur og ferlar.

Markmið stjórnenda Fossa er að starfsemi félagsins fari ávallt fram í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli sem og eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti á fjármálamarkaði með hagsmuni viðskiptavina félagsins að leiðarljósi. Í því skyni að tryggja það hafa Fossar sett sér fjölda innri reglna og stefnur sem gilda um starfsemina. Góðir stjórnarhættir stuðla að traustum samskiptum stjórnar, hluthafa, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila, svo sem starfsmanna Fossa og almennings. Jafnframt leggja stjórnarhættir félagsins grunn að ábyrgri stjórnun og ákvarðanatöku. Stjórn félagsins leggur ríka áherslu á góða stjórnarhætti og endurmetur stjórnarhætti sína reglulega með tilliti til viðurkenndra leiðbeininga.

## **Fylgni við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti**

Fossum ber samkvæmt 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti. Fossar skulu í því skyni birta árlega stjórnarháttayfirlýsingu.

Stjórnarháttayfirlýsing Fossa byggir á lögum, reglum og viðurkenndum leiðbeiningum sem í gildi eru á þeim tíma sem ársreikningur félagsins er staðfestur af stjórn. Nánar tiltekið fylgir stjórnarháttaryfirlýsingin í meginatriðum leiðbeiningum um stjórnarhætti um stjórnarhætti fyrirtækja, 6. útgáfu, útgefnum af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum



atvinnulífsins í júlí 2021 („leiðbeiningarnar“). Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á vefsíðunni [www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is). Fossar hlutu viðurkenningu Stjórnvísí árið 2023 sem fyrirmyndafyrirtæki í stjórnarháttum en matsferlið byggir í meginatriðum á fyrrnefndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja.

Fossar fylgja að auki viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti fjármálafyrirtækja í meginatriðum. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar á vefsíðu FME SÍ. Stjórnarhættir Fossa markast enn fremur af lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum bankans, starfsreglum stjórnar og undirnefnda stjórnar, siðareglum bankans auk hinna ýmsu stefna og reglna sem stjórn hefur sett.

Þegar Fossar hlutu starfsleyfi sem lánafyrirtæki þann 1. júní 2022 varð félagið eining tengd almannahagsmunum. Starfsemi Fossa fellur því nú undir ákvæði 66. gr. d. ársreikningalaga nr. 3/2006 um ófjárhagslega upplýsingagjöf og var slík upplýsingagjöf veitt í fyrsta skipti með ársreikningi fyrir árið 2022. Samkvæmt kröfunum skal m.a. fjalla um stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál.

Frekari upplýsingar um samfélagsábyrgð og sjálfbærni Fossa má finna í ófjárhagslegri upplýsingagjöf sem birt er með skýrslu stjórnar móðurfélags sem fylgir samstæðureikningi ársins 2023.

## Frávik frá leiðbeiningum um stjórnarhætti

Samkvæmt leiðbeiningunum ber að tilgreina og skýra hvort vikið sé frá þeim að hluta og þá hvaða, auk þess sem greina skal frá ástæðum frávika. Fossar fylgja reglunum í samræmi við stærð og umfang rekstursins og því eru nokkur frávik gerð frá leiðbeiningunum, sbr. eftirfarandi:

Grein 1.1.2 í leiðbeiningunum: Sökum samsetningar hluthafa Fossa og hversu fáir eigendur eru að félaginu hafa ekki verið veittar upplýsingar um tímasetningu hluthafafunda Fossa á vefsíðu félagsins. Séu teknar ákvarðanir á hluthafafundum sem snerta viðskiptavinum

munu viðskiptavinir verða upplýstir um slíkt á vefsíðu félagsins.

Grein 1.1.6 í leiðbeiningunum: Upplýsingar um aðila í framboði til stjórnar hafa ekki verið gerðar aðgengilegar á vefsíðu félagsins en lagðar fyrir hluthafa til samræmis við lög.

Grein 1.4 í leiðbeiningunum: Sökum samsetningar hluthafa Fossa og hversu fáir eigendur eru að félaginu hefur ekki verið talin þörf á sérstakri tilnefningarnefnd vegna stjórnarkjörs. Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess að sérreglur gilda um fjármálafyrirtæki um mat á samsetningu stjórna í fjármálafyrirtækjum.

Grein 2.9.2 í leiðbeiningunum: Fossar hafa ekki sett sér sérstaka stefnu um fjölbreytileika stjórnar, framkvæmdastjórnar og æðstu stjórnenda. Fossar hafa þó sett sér reglur um mat á hæfi stjórnar, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna samkvæmt sameiginlegum viðmiðunarreglum EBA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) og með hliðsjón af 52. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ákvæðum reglna nr. 150/2017 um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna fjármálafyrirtækja og leiðbeiningunum.

Grein 2.10 í leiðbeiningunum: Fossar hafa ekki sett sérstakar reglur eða ferla um samskipti við hluthafa. Þó er fjallað um samskipti stjórnar og hluthafa í starfsreglum stjórnar. Félagið leggur mikla áherslu á að fylgja efni leiðbeininganna sem og gildandi lögum og reglum í samskiptum við hluthafa.

Grein 6.3 í leiðbeiningunum: Fossar hafa ekki birt á vefsíðu sinni upplýsingar um hluthafafundi, hvernig framboðum til stjórnar verður komið á framfæri, eða fundargerðir hluthafafunda. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf hefur hingað til verið takmörkuð, sbr. næsta lið hér á undan.

## Upplýsingar um brot á lögum og reglum sem viðeigandi eftirlits- eða úrskurðaraðili hefur ákvarðað

Á árinu 2022 komu ekki fram athugasemdir frá viðeigandi eftirlits- og/eða úrskurðaraðilum sem fólu í sér viðurlög vegna brota á lögum og reglum. Upplýsingar um dómsmál tengd Fossum er að finna í skýringum með ársreikningi félagsins eins og við á.



## Samfélagsábyrgð og sjálfbærni

Það er markmið Fossa að sýna ábyrgð í umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum, bæði í rekstri félagsins og í gegnum áhrif starfsemi félagsins á viðskiptavinum, samfélag og aðra haghafa. Fossar vilja því leitast við að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif í rekstri sínum, skapa heilbrigðan, öruggan og uppbyggilegan starfsvettvang og stuðla að góðum og heilbrigðum stjórnarháttum. Sjálfbærnisjónarmið hafa ávallt verið höfð að leiðarljósi í starfsháttum félagsins og hafa Fossar sett sér sjálfbærnistefnu. Starfrækt er sjálfbærninefnd innan bankans, sem skipuð er af framkvæmdastjórn. Nefndin er formlegur vettvangur fyrir umræðu um mál er varða sjálfbærniþætti, sjálfbærniáhættu og önnur tengd atriði. Þá falla Fossar undir gildissvið laga nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Fossar eru aðili að meginreglum Sameinuðu þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar, Principles for Responsible Investment (UN PRI). Með þeirri aðild skuldbinda Fossar sig opinberlega til að innleiða og útfæra meginreglur þeirra í starfsemi sinni. Einnig eru Fossar aðili að IcelandSIF, umræðuvettvangs um ábyrgar fjárfestingar, sem hefur það markmið að efla þekkingu á sjálfbærum og ábyrgum fjárfestingum. Félagið var fyrst innlendra fyrirtækja til að gerast aðili að Climate Bonds Initiative (CBI), alþjóðlegra samtaka sem vinna að því að virkja skuldabréfamarkaði í þágu umhverfismála á heimsvísu.

Fossar hafa verið brautryðjandi í umsjón með útgáfu grænna skuldabréfa. Félagið hafði umsjón með fyrstu útgáfu grænna skuldabréfa hér á landi og hefur verið leiðandi ráðgjafi á markaði með grænar skuldabréfa-útgáfur. Eignastýring Fossa tekur tillit til ábyrga fjárfestinga við mat og val á fjárfestingarkostum.

### Innra eftirlit

Stjórn Fossa ber ábyrgð á því að fyrir hendi sé virkt kerfi innra eftirlits hjá félaginu. Innra eftirlit Fossa er skipulagt út frá þremur varnarlinum, með það að markmiði að tryggja skilvirkni og samræmingu ábyrgðar.

Í fyrstu varnarlínu eru stjórnendur og starfsmenn viðskipta- og stoðeininga, sem hafa umsjón með

daglegum rekstri félagsins. Fyrsta varnarlína ber ábyrgð á að koma á og viðhalda skilvirku innra eftirliti og stýra áhættu í daglegum rekstri. Fyrsta varnarlína skal hafa til staðar viðeigandi ferla og eftirlit sem miðar að því að greina og milda áhættu í samræmi við áhættuvilja félagsins, og sömuleiðis að starfsemin sé í samræmi við kröfur samkvæmt lögum og innri reglur og ferla.

Önnur varnarlína samanstendur af innri eftirlitseiningum félagsins. Hlutverk annarrar varnarlínu er að tryggja að fyrsta varnarlína komi á fullnægjandi innra eftirliti og að því sé fylgt sem skyldi. Megineiningar annarrar varnarlínu eru regluvarsla og áhættustýring. Aðrar einingar kunna að fá hlutverk í þessari varnarlínu. Stjórn skipar regluvörð og ritar undir erindisbréf hans. Meginhlutverk regluvörslu er að gæta þess að Fossar viðhaldi viðeigandi verklagi til að greina hættu á misbrestum í starfsemi sinni og lágmarka slíka hættu. Skýrslur og niðurstöður innri endurskoðanda og regluvarðar eru birtar stjórn milliliðalaust. Stjórn hefur samþykkt verklagsreglur áhættustýringar sem og áhættustefnu Fossa og skal tryggja að innri ferlar og umgjörð vegna áhættustýringar séu yfirfarnir eigi sjaldnar en árlega.

Þriðja varnarlína samanstendur af innri endurskoðun. Markmið þriðju varnarlínu er að framkvæma sjálfstæðar úttektir á skilvirkni innra eftirlits. Innri endurskoðun er í höndum Deloitte ehf. samkvæmt samningi. Innri endurskoðandi framkvæmir árlega sjálfstæða og óháða skoðun á starfsemi félagsins. Skýrsla innri endurskoðanda er árlega lögð fyrir stjórn.

### Endurskoðun og reikningsskil

Samkvæmt lögum ber stjórn og forstjóra að sjá til þess að félagið haldi bókhald í samræmi við lög og reglur, að meðferð eigna þess sé með tryggum hætti og að virkt innra eftirlit sé til staðar. Forstjóri sér til þess að stjórn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um fjármál og rekstur félagsins. Árs- og árshlutareikningar eru lagðir fyrir stjórn til samþykktar. Reikningsskil fyrir árið 2023 eru unnin af stjórn, forstjóra og fjármálasviði í samræmi við alþjóðleg reikningsskilastaðla, IFRS, og ársreikningalög. Endurskoðun er samkvæmt samningi



í höndum KPMG ehf. Þá verða fjárhagsupplýsingar Fossa fyrir síðustu þrjá mánuði ársins 2023, þ.e. frá og með uppgjöri samruna Fossa og VÍS, hluti af samstæðuuppgjöri VÍS. Samstæðuuppgjörið er endurskoðað af PricewaterhouseCoopers ehf.

## Stjórn og undirnefndir hennar

Í stjórn Fossa sitja fimm einstaklingar og tveir varamenn. Stjórn bankans fer með æðsta vald í málefnum hans á milli hluthafafunda í samræmi við lög, reglur og samþykktir félagsins. Stjórn annast þann þátt rekstrar bankans sem ekki telst til daglegs rekstrar.

Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé ávallt í samræmi við lög og reglur. Stjórn Fossa mótar stefnu bankans og leggur mikla áherslu á að reglufestu sé fylgt í starfsemi hans. Helstu verkefni, skyldur og hlutverk stjórnar eru skilgreind ítarlega í starfsreglum stjórnar sem settar eru á grundvelli 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2010 og samþykkt félagsins. Stjórnarformaður skal sjá til þess að stjórn gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti. Starfsreglur stjórnar eru birtar á vefsíðu Fossa.

Árangursmat stjórnar Fossa fer fram árlega. Stjórn metur störf sín, stærð, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og frammistöðu stjórnarformanns og forstjóra. Stjórn yfirfer og metur þróun félagsins og hvort hún sé í samræmi við markmið þess. Í slíku mati leggur stjórn m.a. mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugar að því sem það telur að betur megi fara.

Á hluthafafundi þann 2. október 2023 voru kjörnir fimm stjórnarmenn auk tveggja varamanna í stjórn félagsins. Meðlimir í stjórn Fossa eru vel menntaðir og hafa mikla reynslu af störfum á fjármálamarkaði. Núverandi stjórn er skipuð þremur körlum og tveimur konum.

Stjórnarfundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega eða þegar stjórnarformaður ákveður, með aukafundum eftir þörfum. Árið 2023 fundaði stjórn Fossa 24 sinnum og haldin er gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og ákvarðanir stjórnar.

Samkvæmt starfsreglum stjórnar starfa þrjár undirnefndir innan stjórnar; endurskoðunarnefnd, áhættunefnd og starfskjaranefnd. Nefndirnar eru allar skipaðar af stjórn. Stjórn félagsins ber ábyrgð á skipun og störfum undirnefnda og þær starfa í umboði hennar. Stjórn skipar nefndarmenn í undirnefndir á fyrsta reglulega stjórnarfundi eftir aðalfund félagsins og tekur ákvörðun um hverjir skuli vera formenn nefnda. Undirnefndir stjórnar skulu tryggja að stjórnarmenn fái reglulega nákvæmar upplýsingar um helstu störf nefndanna. Að minnsta kosti árlega skulu undirnefndir veita stjórn félagsins skýrslu um störf sín. Hér að neðan eru upplýsingar um hlutverk einstakra nefnda:

**Endurskoðunarnefnd:** Meginhlutverk endurskoðunarnefndar er að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins m.a. við að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðunar félagsins. Nefndin skal fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum, innri endurskoðanda og ytri endurskoðanda. Endurskoðunarnefnd er skipuð tveimur stjórnarmönnum og einum utanaðkomandi aðila en nefndin fundaði níu sinnum á árinu 2023. Einn nefndarmaður endurskoðunarnefndar stjórnar, Ása Karlsdóttir (formaður), er ekki stjórnarmaður en ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Ásu og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa og enn fremur er hún óháð félaginu og stórum hluthöfum. Aðrir nefndarmenn eru Brynjar Þór Hreinsson og Lilja Dóra Halldórsdóttir. Nefndin starfar eftir starfsreglum endurskoðunarnefndar Fossa.

**Áhættunefnd:** Meginhlutverk áhættunefndar er að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins m.a. vegna mótunar áhættustefnu og áhættuvilja félagsins. Nefndin hefur eftirlit með fyrirkomulagi og virkni áhættustýringar, stýringu útlánaáhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu og annarri áhættu eftir því sem tilefni er til. Áhættunefnd er skipuð þremur stjórnarmönnum en nefndin fundaði átta sinnum á árinu 2023 auk þess sem sautján mál fóru fyrir nefndina á milli funda. Nefndarmenn áhættunefndar eru Anna Helga Baldursdóttir (formaður), Haraldur Þórðarson og Kolbeinn



Arinbjarnarson. Nefndin starfar eftir starfsreglum áhættunefndar Fossa.

**Starfskjaranefnd:** Meginhlutverk starfskjaranefndar er að sinna ráðgjafar- og eftirlitshlutverki fyrir stjórn félagsins í tengslum við starfskjör hjá félaginu og að þau styðji við markmið og hagsmuni þess. Nefndin mótar árlega starfskjarastefnu fyrir bankann, sem er

lögð fyrir stjórn og aðalfund til samþykktar. Nefndin hefur m.a. eftirlit með starfskjarastefnu og kaupaukakerfi bankans. Starfskjaranefnd er skipuð þremur stjórnarmönnum en nefndin fundaði ellefu sinnum árið 2023. Nefndarmenn starfskjaranefndar eru Kolbeinn Arinbjarnarson (formaður), Anna Helga Baldursdóttir og Lilja Dóra Halldórsdóttir. Nefndin starfar eftir starfsreglum starfskjaranefndar Fossa.

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir mætingu einstakra stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda á fundi:<sup>1</sup>

Stjórnarmenn	Tímabil	Stjórn (24)	Endurskoðunarnefnd (9)	Áhættunefnd (8)	Starfskjaranefnd (11)
Haraldur I. Þórðarson	2. okt. - 31. des. 2023	7	-	1	-
Anna Helga Baldursdóttir	1. jan. - 31. des. 2023	24	-	8	6
Brynjar Þór Hreinsson	2. okt. - 31. des. 2023	7	2	-	-
Kolbeinn Arinbjarnarson	1. jan. - 31. des. 2023	24	-	8	11
Lilja Dóra Halldórsdóttir	1. jan. - 31. des. 2023	24	9	-	11
<b>Fyrrum stjórnarmenn</b>					
Sigurbjörn Þorkelsson	1. jan. - 1. okt. 2023	11	-	7	-
Brynja Baldursdóttir	1. jan. - 18. ágú. 2023	11	6	-	5
<b>Varamenn í stjórn</b>					
Guðný Helga Herbertsdóttir	2. okt. - 31. des. 2023	-	-	-	-
Gunnar Egill Egilsson	1. jan. - 31. des. 2023	-	-	-	-
<b>Fyrrum varamenn í stjórn</b>					
Aðalheiður Magnúsdóttir	1. jan. - 1. okt. 2023	3	-	-	-
<b>Utanaðkomandi nefndarmenn</b>					
Ása Karlsdóttir	1. jan. - 31. des. 2023	-	9	-	-

## Forstjóri og framkvæmdastjórn

Stjórn ræður framkvæmdastjóra, en hann ber starfsheitið forstjóri. Forstjóri annast daglegan rekstur bankans og skal í því sambandi fara eftir viðeigandi löggjöf, stefnu og fyrirmælum sem stjórn félagsins hefur gefið. Ákvörðunarvald forstjóra nær til allra málefna sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum bankans eða ákvörðunum stjórnar. Hann kemur fram fyrir hönd bankans í daglegum rekstri en hinn daglegi rekstur tekur ekki til ráðstafana sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar. Forstjóri skal sjá um að bókhald bankans sé fært í samræmi við lög og að fjárreiður þess séu með tryggum hætti.

Auk forstjóra sátu eftirfarandi einstaklingar í framkvæmdastjórn Fossa á tímabilinu:

- Adrian Sabido, framkvæmdastjóri markaðsviðskiptasviðs
- Heiðrún Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs
- Sveinbjörn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri eignastýringarsviðs
- Þórunn Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs

<sup>1</sup> Haraldur I. Þórðarson og Brynjar Þór tóku sæti í stjórn Fossa við kjör á hluthafafundi Fossa þann 2. október 2023, í kjölfar samruna Fossa og VÍS. Aðalheiður tók sæti sem aðalmaður þann 18. ágúst 2023, þegar Brynja Baldursdóttir vék úr stjórn. Aðalheiður sat í stjórn sem aðalmaður til 1. október 2023. Enn fremur varð breyting á skipun undirnefnda stjórnar í tengslum við nýja skipun stjórnar, þar sem nýir nefndarmenn voru skipaðir þann 18. október 2023. Þar með tók Anna Helga sæti í starfskjaranefnd, Brynjar Þór tók sæti í endurskoðunarnefnd og Haraldur tók sæti í áhættunefnd.



## Stjórn og varastjórn Fossa



### Haraldur I. Þórðarson, formaður stjórnar

Haraldur (f. 1979) hefur langa starfsreynslu á fjármálamarkaði og er forstjóri VÍS samstæðunnar, móðurfélags Fossa. Haraldur er einn stofnenda Fossa og var forstjóri bankans árin 2015-2023. Á árunum 2011-2015 gegndi hann stöðu framkvæmdastjóra markaðs- viðskipta Straums fjárfestinga- banka hf. Á árunum 2007-2010 var hann framkvæmdastjóri fjárfestingar Exista hf. og forstöðumaður fjármögnunar hjá sama félagi frá 2006. Þar áður vann Haraldur í fjárfestingu Kaupþings banka hf. á tímabilinu 2003-2006.

Haraldur er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík og Global Executive MBA gráðu frá IESE Business School auk þess að hafa próf í verðbréfavíðskiptum.

Haraldur á óbeint um 2,94% hlutfjár í Fossum. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Haraldar og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Fossa.



### Anna Baldursdóttir, stjórnarmaður

Anna (f. 1976) er ráðgjafi með yfirgripsmikla reynslu í fjármálageiranum. Hún hóf feril sinn hjá Íslandsbanka og stýrði útlánateymi í London ásamt því að aðstoða slitastjórn Glitnis við umsýslu og endurheimtu erlendra lánasafna. Anna hefur starfað hjá Royal Bank of Scotland sem stjórnandi og úrskurðaraðili í verkefnum tengdum útlánastarfsemi og sölu afleiðna til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Anna er hagfræðimenntuð frá Háskóla Íslands og með M.Sc. gráðu í fjármálum frá London Business School ásamt því að hafa lokið LEAD stjórnunarnámi frá Stanford háskóla.

Anna á óbeint um 0,01% hlutfjár í Fossum. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Önnu og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Fossa. Anna er óháð félaginu og stórum hluthöfum.



### Brynjar Þór Hreinsson, stjórnarmaður

Brynjar (f.1982) hefur hátt í 20 ára starfsreynslu í ábyrgðarstöðum á fjármálamarkaði innanlands og erlendis. Brynjar gegnir nú starfi framkvæmdastjóra fjármála VÍS samstæðunnar, móðurfélags Fossa. Hann hefur m.a. starfað sem fjárfestingastjóri Stapa lífeyrissjóðs, forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá Íslenskum verðbréfum og eignastýringar hjá Straumi fjárfestingabanka, auk þess að búa yfir reynslu af fjárfestingabankastarfsemi og á lánasviði hjá Straumi-Burðarás fjárfestingarbanka.

Brynjar er með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík, próf í verðbréfavíðskiptum og BS gráðu í viðskiptafræði frá sama skóla.

Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Brynjars og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Fossa.



### **Kolbeinn Arinbjarnarson, stjórnarmaður**

Kolbeinn (f. 1962) starfaði í 10 ár hjá Icelandair á ýmsum sviðum og varð því næst framkvæmdastjóri Air Iceland áður en hann stofnaði sitt eigið fyrirtæki, Calidris sem þróaði tæknilausnir fyrir flugfélög. Calidris var selt til Sabre Corporation í Bandaríkjunum og starfaði Kolbeinn sem framkvæmdastjóri hjá því félagi í fjögur ár þar til hann hætti til þess að vinna sjálfstætt sem ráðgjafi og fjárfestir ásamt því að sitja í stjórnnum fyrirtækja.

Kolbeinn er verkfræðimenntaður frá Háskóla Íslands og með M.Sc. gráðu frá Stanford háskóla í Bandaríkjunum.

Kolbeinn á óbeint um 0,09% hlutfjár í Fossum. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Kolbeins og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Fossa. Kolbeinn er óháður félaginu og stórum hluthöfum.



### **Lilja Dóra Halldórsdóttir, stjórnarmaður**

Lilja (f. 1967) var forstjóri Lykils fjármögnunar hf. frá árinu 2011 og fram yfir sölu á félaginu til nýrra eigenda árið 2020. Áður var hún aðjúntkt við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík og sinnti ráðgjöf við íslensk fyrirtæki og stofnanir hjá Opna Háskólanum. Þá starfaði hún við ýmis verkefni hjá Eftirlitsstofnun EFTA í Belgíu og var yfirlögfræðingur Skeljungs hf. um nokkurra ára skeið. Lilja hefur setið í stjórnnum fyrirtækja, s.s. Klakka ehf. og Samskipa hf. og var höfundur bókarinnar „Stofnun fyrirtækja – formreglur, réttindi og skyldur“, sem Imprá og Háskólinn í Reykjavík gáfu út.

Lilja er lögfræðingur frá Háskóla Íslands og fékk réttindi til málflytninga í héraði árið 1996. Hún er með MBA gráðu frá Vlerick Leuven Gent Management School og gráðu í stjórnun frá Háskólanum í Leuven í Belgíu.

Lilja á óbeint um 0,01% hlutfjár í Fossum. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Lilju og helstu viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila Fossa. Lilja er óháð félaginu og stórum hluthöfum.





**Guðný Helga  
Herbertsdóttir, varamaður í  
stjórn**

Guðný Helga (f. 1978) er forstjóri VÍS samstæðunnar, móðurfélags Fossa. Hún gengdi stöðu framkvæmdastjóra sölu og þjónustu hjá VÍS frá 2022 og framkvæmdastjóra stafrænnar þróunar á árunum 2017-2022 og stöðu markaðsstjóra frá 2016. Þá sinnti hún stöðu deildarstjóra samskiptadeildar Landspítala 2015-2016 og var upplýsingafulltrúi Íslandsbanka ásamt því að leiða mótun bankans í samfélagsábyrgð 2010-2015. Guðný starfaði sem fréttamaður og þáttastjórnandi hjá 365 miðlum um árabíl.

Guðný er með AMP stjórnunargráðu frá Viðskiptaháskólanum í Barcelona á Spáni (IESE), meistaragráðu frá Viðskiptaháskólanum í Árósum og B.S. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Guðný á óbeint um 0,027% hlutfjár í Fossum. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Guðnýjar og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa.



**Gunnar Egill Egilsson,  
varamaður í stjórn**

Gunnar Egill (f. 1979) er meðeigandi að Nordik lögfræðistofu þar sem hann sinnir lögfræðiráðgjöf og málflytningi. Sérsvið Gunnars Egils er skatta- og félagaréttur og veitir hann smáum og stórum fyrirtækjum ráðgjöf í þeim málaflokkum. Ásamt lögmennskunni hefur Gunnar Egill sinnt gestakennslu í Háskólanum í Reykjavík og verið atkvæðamikill í félagsmálum.

Gunnar Egill er með B.A. og M.A. í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Ekki er um nein hagsmunatengsl milli Gunnars Egils og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa. Gunnar er óháður félaginu og stórum hluthöfum.



## Forstjóri



### **Steingrímur Arnar Finnsson, forstjóri**

Forstjóri Fossa er Steingrímur Arnar Finnsson (f. 1980). Steingrímur hefur starfað á

fjármálamarkaði í tæp 20 ár. Áður en hann tók við stöðu forstjóra hjá Fossum var Steingrímur framkvæmdastjóri markaðsviðskipta hjá Fossum og gegndi hann því starfi á árunum 2015-2023. Áður en Steingrímur gekk til liðs við Fossa árið 2015 gegndi hann stöðu forstöðumanns innan markaðsviðskipta Straums fjárfestingarbanka. Frá 2006 til 2011 starfaði Steingrímur í markaðsviðskiptum Kaupþings og síðar Arion banka, fyrst á gjaldeyris- og afleiðuborði og

síðar í skuldabréfamíðlun. Þar áður starfaði hann í greiningardeild Kaupþings banka.

Steingrímur er með B.Sc. gráðu í hagfræði frá Háskóla Íslands og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum.

Steingrímur á óbeint um 1,87% hlutafjár í Fossum. Ekki er um að ræða nein hagsmunatengsl milli Steingrímur og helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila Fossa.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 16. janúar 2024